

365 miðlar | 3X Technology | 66° Norður / Sjóklæðagerðin | Aalborg Portland Íslandi | About Fish Íslandi | Actavis Group | Advania | ADVEL Iögfraeðipjónusta | Alcan á Íslandi | Alcoa á Íslandi | Alkemistinn | Andrá heildverslun | Apparat HD | Arctica Finance | Arev verðbréfafyrirtæki | Arion banki | Atlantsolía | Áreyjar | Árni Siemsen | Árvakur | Árvík | Bakkavör Foods Limited | Bako-Ísberg | BBA Legal | BDO | Bernhard Petersen | Better Business World Wide Ísland | Bílaleigan Geysir | Bílasmíðurinn | BL | Bláa Lónið | Bleika Ísland / Pink Iceland | Borgun | Brekkuhús | Brim | Brimborg | Bæjarins bestu | Capacent | CCP | Centra Fyrirtækjaráðgjöf | CEO HUXUN | Confirmed News | Congress Reykjavík-Ráðstefnupjónusta | Creditinfo Lánstraust | Danfoss | DataMarket | Deloitte | Design Reality | DHL Express Iceland | Dögun Capital | EC Consulting | Eignaumboðið | Eimskip Ísland | Elás | Epal | Ernst & Young | Expectus | Eyfir Invest | F. Bergsson Eignarhaldsfélag | Farice | Fastus | FKA | FISK-Seafood | Fjarskipti / Vodafone | Fjárstoð | Fjölver | Flugfélag Íslands | Flugleiðahótel / Icelandair Hotels | Franch Michelsen | Fresko / Pizza Hut | Frjó Quatro | Frumherji | Fönn | Gagnavarslan | GAM Management | Gámaþjónustan | Genís | Guðmundur Arason | Hafbor | Hagar | Hampiðjan | Háskólinn í Reykjavík | HB Grandi | Héraðsverk | HGK | Hjallastefnan | Hollenska aðalkonsúlatið | Holtt og gott | Hraðfrystihúsið - Gunnvör | HS Orka | Húsasmíðjan | Hvalur | ICECOD / ISKOD | Iceland Pelagic | Iceland Seafood | Icelandair Group | Icelandic Fish and Chips | Icelandic Group | IFS Ráðgjöf | Innovit, nýsköpunar- og frumkvöðlasetur | ÍAV | Ísaga | Ísfélag Vestmannaeyja | Íslandsbanki | Íslandshótel | Íslandspóstur | Íslandssjóðir | Íslensk matorka | Íslensk verðbréf | Íslenska félagið | Íslenska umboðssalan | Íslenska útflutningsmiðstöðin | Ístak | Jarðefnaiðnaður | Já Upplýsingaveitur | JOCO L. M. Jóhannsson | Jón Hjartarson | Juris | Kapituli | Kauphöll Íslands / NASDAQ OMX Iceland | Kaupsel | Kistufell | Klapparás | Klettur - sala og þjónusta | KPMG | Krumma | Kvos | Landsbankinn | Landsnet | Landsvirkjun | Laugar | Lánasjóður íslenskra námsmanna | Lárus Welding | LEX | Listasafnið Hótel Holt | Lífland - Mjólkurfélag Reykjavíkur | LOCAL Iögmenn | Loftmyndir | LOGOS | Lýsi | Magnús Valdimar Ármann | Mannvit | Marel | Maskína-rannsóknir | Meniga | Miðlun | Miklartorg / IKEA | Míla | Motus | MP banki | MusikMusik | Myllusetur | N1 | Nathan og Olsen | Nordic eMarketing / Ferðavefir | Nordic Investment Bank | NORDIK legal | Norðurál Grundartangi | North Atlantic Mining Ass. | Norvík | Núi-Síríus | NTC | Nýherji | Odix Consulting | Olíuverzlun Íslands / Olís | Outcome hugbúnaður | Poulsen | Practical | Prentmet | PricewaterhouseCoopers | PrimaCare | Promens | Radisson BLU / Hótel Saga | Rarik | Reginn | Reitir fasteignafélag | Reykjavík Concierge | Reynihlið | Rolf Johansen & Co | Sabre Iceland | SagaMedica - Heilsujurtir | Salka-Fiskmiðlun

ÁRSSKÝRSLA 2012-2013



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS
ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE

| Samskip | Samtök atvinnulífsins | Sena | Síminn | Sívakur | Sjóvá-Almennar tryggingar | Skandinavíska háskólastofnunin | Skefjar | Skeljungur | Skema | Skipti | Skjárinn | Sláturfélag Suðurlands | Sparnaður | Stefnir | Steinunn Sigurd | Stendur | Straumur fjárfestingabanki | Strokkur Energy | Supernatural Store | Sýningakerfi | Talnakönnun | Tannlæknastofa Þórarins Sigþórssonar | THG Arkitektar | Thorp | Thule Investments Advisors | Tryggingamiðstöðin | TVG-Zimsen | Urriðaholt | Útfararstofa Kirkjugarðanna | Útfararþjónustan | Úthafsskip | Valitor | Vátryggingafélag Íslands | Verðbréfaskráning Íslands | Veritas Capital | Verkís | Verslunin Brynja | Verzlunarskóli Íslands | Vélar og verkfæri | Viking Fish | Vífilfell | Vísir | VSÓ Ráðgjöf | Vörður tryggingar | Þríhöfði / GuitarParty | Öldungur | Ölgerðin Egill Skallagrímsson | Össur |

ÁRSSKÝRSLA VIÐSKIPTARÁÐS

2012-2013

Ávarp formanns og framkvæmdastjóra	4
Störf stjórnar og nefndarseta	6
Starfsemi Viðskiptaráðs	8
Menntamál	9
Viðskiptaping 2012 & 2013	10
Skýrslur og skoðanir	12
Fundir	14
Alþjóðasvið	16
Rekstrarreikningur og efnahagsreikningur	18

Innan raða Viðskiptaráðs eru fyrirtæki í fjölbreyttri starfsemi, þar má nefna ferðapjónustu, veitingar, fjármál, tryggingar, framleiðslu, hátækni, nýsköpun, ráðgjöf, samgöngur, fjarskipti, sjávarútveg, útgáfu, miðlun, þjónustu og verslun.

Á síðustu árum hafa fjölmargir félagar bæst í hópinn en fjöldi fyrirtækja hefur starfað með Viðskiptaráði allt frá upphafsárum þess.

ÁGÆTU FÉLAGAR

Ef horft er á björtu hliðarnar má segja að undanfarin tvö ár hafi verið uppbyggingarár í íslensku efnahagslífi. Hlutfall atvinnulausra hefur lækkað, hagvöxtur verið jákvæður, verðbólga hjaðnað og skuldir heimila og fyrirtækja dregist saman.

Engu að síður hefur kraftur viðspynnunar verið minni en margir vonuðust eftir og umtalsverðar áskoranir eru enn til staðar. Illa hefur gengið að virkja fjárfestingar, ríkissjóður er enn rekinn með halla og gjaldeyrishöft standa verðmætasköpun atvinnulífsins fyrir þrifum.

Til að vinna á þessum áskorunum og stuðla að kraftmiklum, sjálfbærum hagvexti næstu áratugina er mikilvægt að stjórnvöld nálgist verkefni sitt með heildstæðum og framsýnum hætti. Skynsamleg framtíðarstefna í efnahagsmálum eflir framleiðni og fjárfestingu í öllum geirum hagkerfisins. Öflugt og samkeppnishæft atvinnulíf skapar grundvöll fyrir bættum lífskjörum og aukinni velferð. Síðustu tvö ár hefur Viðskiptaráð lagt ríka áherslu á að efla almennan skilning á þessum sjónarmiðum.

Heildstæð sýn og aukið samtal

Á Viðskiptaþingi 2012 var tilkynnt að alþjóðlega ráðgjafafyrirtækið McKinsey & Company myndi ráðast í vinnu við mótun stefnu og framtíðarsýnar fyrir Ísland sem miðaði að því að hámarka hér verðmætasköpun og lífskjör. Skýrsla McKinsey leit dagsins ljós haustið 2012 og hafa skilaboð skýrslunnar almennt hlotið jákvæðar viðtökur.

Til að styðja enn frekar við umræðu og mótun langtímastefnu í efnahagsmálum var Viðskiptaþing 2013 tileinkað því viðfangsefni. Yfirskrift þingsins – *Stillum saman strengi* – vísaði til mikilvægis aukinnar samstöðu og samtals á milli stjórnvalda og atvinnulífs um nauðsynlegar aðgerðir til eflingar verðmætasköpunar. Á þinginu gaf ráðið út Hugmyndahandbók, en í henni var að finna 13 tillögur um leiðir til aukinnar hagkvæmni og bættra lífskjara.

Í byrjun árs 2013 var síðan hleypt af stokkunum **Samráðsvettvangi um aukna hagsæld**. Að vettvangnum kemur fjölbreyttur hópur úr stjórnsýslu, atvinnulífi, stjórnmalum, launþegahreyfingum og fræðasamfélagi. Sjálfstæð verkefnastjórn vann ítarlegar hagvaxtartillögur sem voru lagðar til umfjöllunar innan vettvangsins í kjölfarið.

Árangurinn af þessum stóru verkefnum hefur einkum verið tvíþættur. Í fyrsta lagi er búið að skerpa verulega á umræðu um efnahagsmál. Aukinn skilningur ríkir á grundvallarviðfangsefni og auðveldara er að nálgast umræðuna á skipulagðan hátt. Í öðru lagi hefur samtal atvinnulífs, stjórnvalda og annarra hagsmunaaðila eflst til muna. Hvort tveggja skiptir miklu máli.

Hlutverk og áherslur Viðskiptaráðs

Megintilgangur Viðskiptaráðs er og hefur ávallt verið að gæta hagsmuna viðskiptalífsins. Í fyrstu ársskýrslu ráðsins, sem gefin var út fyrir 95 árum síðan segir eftirfarandi:

„[...]einmitt af því, að svo sjerstaklega hagar til hjer á landi, ber enn brýnni nauðsyn til þes, að atvinnustjettimar hafi fulltrúastofnanir, er komi fram fyrir þeirra hönd og starfi að efling atvinnuveganna [...] Þar til Verslunarráð Íslands var stofnað var engin veruleg fulltrúastofnun til fyrir verslun, iðnað og siglingar.“

Margt hefur breyst á þessum tíma og ráðið starfar nú á breiðari grunni. Grunnmarkmiðið er þó engu að síður það sama, að vinna að bættum rekstrarskilyrðum atvinnulífsins og skapa þannig grundvöll fyrir aukna verðmætasköpun og bætt lífsskilyrði héraðsins.

Síðastliðið haust fór fram umfangsmikil stefnumótun þar sem reynt var að greina hvernig Viðskiptaráð getur unnið að þessu markmiði með sem bestum hætti. Leitað var álits hjá öllum félagsmönnum ráðsins í gegnum spurningakönnun og voru niðurstöður hennar teknar til frekari umfjöllunar innan stjórnar ráðsins. Að mati félagsmanna ættu mótun langtímastefnu í efnahagsmálum, bætt staða peningamála og umbætur í fjárfestinga- og fjármögnunarumhverfi að vera í forgrunni í málefnastrafi ráðsins á næstu árum. Þessi afstaða rímar vel við áherslur ráðsins síðustu ár.

Viðskiptaþing 2014 – Er Ísland opið fyrir viðskiptum?

Að þessu sinni er viðfangsefni Viðskiptaþings uppbygging alþjóðageirans á Íslandi. Þegar horft er yfir farinn veg er ljóst að spurningin „Hversu opið á Ísland að vera fyrir alþjóðlegum viðskiptum?“ er ein sú mikilvægasta fyrir efnahagslega framvindu þjóðarinnar. Undirstöðu þeirra lífskjarabóta sem hafa átt sér stað á Íslandi undanfarna öld má einkum finna í auknu frelsi í viðskiptum með vörur, fjármagn og þjónustu.

Ein af meginskilaboðum McKisney-skýrslunnar sneri að mikilvægi þess að tryggja sjálfbæran viðskiptajöfnuð hagkerfisins í gegnum eflingu útflutnings. Til að styðja við sterkan hagvöxt án þess að ganga á náttúruauðlindir þarf vaxandi hlutfall útflutnings að koma frá alþjóðageira hagkerfisins.

Það er einnig ljóst að alþjóðageirinn hefur snertifleti í öllu hagkerfinu. Til að fyrirtæki héraðsins geti keppt á erlendum mörkuðum þarf rekstrarumhverfi að vera alþjóðlega samkeppnishæft. Efnahagslegur stöðugleiki, aðgengi að fjármagni, uppbygging mannauðs og nýsköpunar, skattaumhverfi, regluverk og aðgengi að mörkuðum ráða þar mestu. Eins og listinn ber með sér styðja umbætur sem miða að



eflingu alþjóðageirans við alla geira samfélagsins. Áherslum þingsins verður fylgt eftir á næstu mánuðum samhliða annarri starfsemi ráðsins.

Tækifærin framundan

Traust stjórnvalda og almennings til íslensks atvinnulífs hefur eflst til muna á undanföllum árum. Uppbyggilegt og málefnalegt samtal skiptir þar miklu máli. Á komandi misserum þurfa ný stjórnvöld að takast á við margvíslegar og krefjandi áskoranir. Til að upplýstar ákvarðanir verði teknar er mikilvægt að atvinnulífið viðhaldi virku samtali við stjórnvöld og styðji þau til góðra verka. Viðskiptaráð Íslands, ásamt öðrum hagsmunasamtökum atvinnulífsins, þjónar mikilvægu hlutverki í því verkefni. Með skynsamlegum tillögum, markvissu aðhaldi og uppbyggilegum samskiptum við stjórnvöld og aðra hagsmunaaðila má ná verulegum árangri í átt að bættu rekstrarumhverfi.

Að lokum viljum við þakka öllum aðildarfélögum Viðskiptaráðs fyrir gott samstarf á undanföllum árum og hlökkum til áframhaldandi uppbyggingarstarfs í þágu íslensks atvinnulífs og samfélagsins í heild.

 formaður
 framkvæmdastjóri

Heiðursfélagar Viðskiptaráðs

Davíð Scheving Thorsteinsson
fæddur 1930

Haraldur Sveinsson
fæddur 1925

Hjalti Geir Kristjánsson
fæddur 1926

Jóhann J. Ólafsson
fæddur 1935

Ragnar S. Halldórsson
fæddur 1929

STÖRF STJÓRNAR OG NEFNDARSETA

Áhrif á málefnaþarf ráðsins

Stjórn Viðskiptaráðs fer með æðsta vald í málefnum Viðskiptaráðs á milli aðalfunda. Stjórn er kosin á aðalfundi ráðsins sem haldinn er annað hvert ár og hana skipa 18 manns auk formanns. Nítján varamenn sitja í varastjórn, þeir eru boðaðir á stjórnarfundum og hafa þar fullt málfrelsi og tillögurétt. Alls eru því 38 fulltrúar aðildarfirmatækja sem hafa aðgang að fundum stjórnar Viðskiptaráðs.

Löng hefð er fyrir því að halda stjórnarfundum fyrsta mánudag hvers mánaðar að júlí og ágúst undanskildum. Á fundunum eru ýmis mál tengd atvinnulífinu rædd auk almennra stefnumála Viðskiptaráðs. Stjórn markar stefnu Viðskiptaráðs á hverjum tíma og hefur hún m.a. yfirumsjón með störfum skrifstofu ráðsins. Framkvæmdastjórn skipa formaður stjórnar, auk fjögurra fulltrúa og tveggja til vara sem kosnir eru úr aðalstjórn Viðskiptaráðs.

Nefndarseta og samstarf við fjölda aðila

Starfsfólk, stjórnarmenn og félagar Viðskiptaráðs hafa síðastliðin ár tekið á móti fjölda gesta, innlendra og erlendra, og setið í fjölmörgum nefndum og vinnuhópum um ýmis málefni. Hér má sjá stutt yfirlit helstu atriði þeirrar vinnu:

Þátttaka í vinnu Samráðsvettvangs um aukna hagsæld

Samstarfshópur Viðskiptaráðs, Samtaka atvinnulífsins og Kauphallarinnar um stjórnarhætti fyrirtækja

Samstarf við Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti fyrirtækja við Háskóla Íslands um úttekt á stjórnarhættum

Seta í samnorrænni nefnd um stjórnarhætti fyrirtækja

Starfshópur atvinnuvegaráðherra um aðgerðir til að verjast kennitölufлакki og ná markmiðum um jöfnun kynja í stjórnnum fyrirtækja

Vinnuhópur atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, Viðskiptaráðs, Samtaka atvinnulífsins, Félags atvinnurekenda og Samkeppniseftirlitsins um samkeppnismál

Starfshópur fjármálaráðherra um skattamál fyrirtækja

Samstarf við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (AGS): fundir með sendinefndum, skattateymi AGS o.fl.

Fundir með fulltrúum kröfuhafa íslensku bankanna

Fundir með hagfræðingum á vegum Framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins (EU Commission)

Fundir með fulltrúum alþjóðlegra greiðslufallstryggingarfélaga

Þátttaka í undirbúningi atvinnuvegaráðuneytisins um atvinnustefnu fyrir Ísland

Fulltrúi í siðanefnd SÍA

Seta í ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur

Seta í Háskólaráði HR

Samstarf við Klak-Innovit um sprotakvöld

Seta í endurskoðendaráði

Seta í höfundaréttarráði

Seta í starfshópi utanríkisráðherra um fyrirkomulag markaðssetningar á Íslandi



Á aðalfundi Viðskiptaráðs sem fram fór 14. febrúar 2012 voru kynnt úrslit kosninga til stjórnar ráðsins fyrir tímabilið 2012-2014. Kjörsókn var 64% sem er svo til óbreytt miðað við aðalfund 2010. Hreggviður Jónsson, forstjóri Veritas Capital á Íslandi, var kjörinn formaður ráðsins.

Á tímabilinu voru haldnir 18 stjórnarfundir þar sem fjallað var um málefni liðandi stundar en gestir fundanna voru m.a. forsætisráðherra, fjármálaráðherra, utanríkisráðherra, starfsmenn McKinsey & Co., ásamt fjölmörgum fulltrúum úr atvinnulífinu. Meðal umræðuefna á fundum stjórnar voru horfur í efnahagsmálum, háskólar og atvinnulíf, málefni lífeyrissjóðanna, Evrópusamvinna, málefni norðurslóða, þróun hlutabréfamarkaðar og margt fleira.



Af fundi stjórnar Viðskiptaráðs 2012-2014

Stjórn Viðskiptaráðs 2012-2014

Aðalmenn

Hreggviður Jónsson, Veritas Capital, formaður
Ari Edwald, 365-miðlar
Ásbjörn Gíslason, Samskip
Brynja Halldórsdóttir, Norvik
Björgólfur Jóhannsson, Icelandair Group
Eggert Benedikt Guðmundsson, HB Grandi
Eyjólfur Árni Rafnsson, Mannvit
Gylfi Sigfússon, Eimskip
Guðbjörg Edda Eggertsdóttir, Actavis
Hrund Rudolfsdóttir, Marel
Hörður Arnarsson, Landsvirkjun
Höskuldur H. Ólafsson, Valitor
Katrín Olga Jóhannesdóttir, Já upplýsingaveitur
Katrín Pétursdóttir, Auður Capital
Margrét Pála Ólafsdóttir, Hjallastefnan
Sigrún Ragna Ólafsdóttir, VÍS
Steinþór Pálsson, Landsbankinn
Sævar Freyr Þráinsson, Síminn
Þórður Magnússon, Eyri Invest

Varamenn

Andri Þór Guðmundsson, Ölgerðin
Einar Örn Ólafsson, Skeljungur
Erna Gísladóttir, BL
Gestur G. Gestsson, Advania
Gísli Hjálmtýsson, Thule Investment
Hildur Árnadóttir, Bakkavör Group
Hilmar Veigar Pétursson, CCP
Helgi Anton Eiríksson, Iceland Seafood
Hermann Björnsson, Sjóvá
Knútur G. Hauksson, Klettur
Magnús Þór Ásmundsson, Alcoa á Íslandi
Margrét Sanders, Deloitte
Ólafur Gylfason, Össur
Ragnar Guðmundsson, Norðurál
Sigurður Viðarsson, TM
Svanbjörn Thoroddsen, KPMG
Svava Johansen, NTC
Þórður Sverrisson, Nýherji

Á listanum eru tilgreind þau fyrirtæki sem stjórnarmenn voru kjörnir fyrir árið 2012. Viðskiptaráð Íslands þakkar stjórnarmönnum mikilvægt framlag til starfsemi ráðsins og býður nýja stjórnarmenn velkomna til starfa.

STARFSEMI VIÐSKIPTARÁÐS

Mannabreytingar

Þónokkrar breytingar hafa orðið á starfsliði Viðskiptaráðs síðustu tvö ár. Eftir rúm fimm ár í starfi lét Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, afstörfum í nóvember 2012 og tók við starfi aðstoðarforstjóra hjá Nýherja.

Haraldur I. Birgisson, aðstoðarframkvæmdastjóri, sinnti starfi framkvæmdastjóra fram á mittsíðasta áren þá tók Frosti Ólafsson við sem framkvæmdastjóri. Frosti, sem hafði unnið hjá McKinsey & Company í Kaupmannahöfn, þekkir vel til starfsemi Viðskiptaráðs en hann starfaði hjá ráðinu frá árinu 2006 til 2010 áður en hann hélt erlendis í nám.

Þá má nefna að á árinu 2012 réði Guðrún Valdimarsdóttir, sem hafði m.a. sinnt tímabundið starfi fjármálastjóra, sig til starfa hjá Wow Air, Lúðvík Elíasson, hagfræðingur hjá ráðinu, hóf störf hjá Seðlabanka Íslands, Þórdís Bjarnadóttir, lögfræðingur hjá ráðinu, hélt til Advel lögmannsstofu, Þorvaldur Þorláksson, sem sinnti starfsemi

SVÍV, hóf störf hjá Nýherja árið 2013 og Ragnar Þorvarðarson, umsjónarmaður upplýsinga- og útgáfumála, hélt utan til náms sumarið 2013. Einnig starfaði Björn Brynjúlfur Björnsson, verkfræðingur, að útgáfumálum og skýrsluskrifum í hlutastarfi hjá ráðinu á árinu 2012 áður en hann hóf störf hjá McKinsey & Company.

Stjórn og starfsfólk Viðskiptaráðs þakkar þessum fyrrum starfsmönnum fyrir samstarfið og vel unnin störf í þágu ráðsins og óskar þeim öllum á sama tíma velfarnaðar í framtíðinni.

Starfsmenn ráðsins í dag

Starfsmenn Viðskiptaráðs eru nú: Ásthildur Gunnarsdóttir umsjónarmaður upplýsinga- og útgáfumála, Frosti Ólafsson framkvæmdastjóri, Haraldur Ingi Birgisson aðstoðarframkvæmdastjóri, Hulda Sigurjónsdóttir móttökuritari, Kristín S. Hjálmtýsdóttir forstöðumaður alþjóðasviðs, Leifur Þorbergsson sérfræðingur, Viðar Ingason

hagfræðingur og Þórunn Stefánsdóttir fjármálastjóri. Örn S. Kaldalóns framkvæmdastjóri Icepro, nefndar um rafræn viðskipti og Hulda Bjarnadóttir framkvæmdastjóri Félags kvenna í atvinnurekstri (FkA) hafa jafnframt aðsetur á skrifstofu ráðsins.

Viðskiptaráð er fyrir þá sem vilja:

- vera upplýstir um málefni viðskiptalífsins
- stuðla að bættum starfsskilyrðum atvinnulífsins
- berjast fyrir sanngjarnri löggjöf og hagfelledu skattaumhverfi
- stuðla að heiðarlegum og heilbrigðum viðskiptaháttum
- sjá frjálst framtak njóta sín á Íslandi til hagsbóta fyrir samfélag og þjóð



Starfsfólk Viðskiptaráðs í janúar 2014. Efri röð: Leifur Þorbergsson, Þórunn Stefánsdóttir, Kristín S. Hjálmtýsdóttir og Ásthildur Gunnarsdóttir. Neðri röð: Haraldur I. Birgisson, Hulda Sigurjónsdóttir og Frosti Ólafsson. Á myndina vantar hagfræðing ráðsins, Viðar Ingason.



MENNTAMÁL

Bakhjarl menntunar

Frá árinu 1922 hefur Viðskiptaráð Íslands tekið þátt í [uppbyggingu íslensks menntakerfis](#) með áherslu á hagnýta menntun á sviðum atvinnulífs, enda fátt til meiri hagsbóta fyrir viðskiptalíf en öflugt og vel menntað starfsfólk. Stjórnendur í atvinnulífinu gera sér sífellt betur grein fyrir því að til þess að standast samkeppni þurfa fyrirtæki að hafa innan sinna vébanda hæft og vel menntað starfsfólk. Til að mæta þessari eftirspurn eftir vel menntuðu og hæfu starfsfólki er mikilvægt fyrir atvinnulíf að taka virkan þátt í uppbyggingu menntunar.

Að þessu hlutverki hefur Viðskiptaráð komið með markvissum hætti síðustu ár og áratugi. Stjórn ráðsins er fulltrúaráð sjálfseignarstofnunar Viðskiptaráðs um viðskiptamenntun (SVÍV). SVÍV á stærstan hluta í [Háskólanum í Reykjavík](#) og rak [Verzlunarskóla Íslands](#) um árabíl. Skólanum var breytt í sjálfstæða sjálfseignarstofnun í byrjun árs 2012 en Viðskiptaráð er eftir sem áður verndari skólans. Þá skapaðist álitlegur sjóður við sölu á húsnæði SVÍV við Ofanleiti 2, þar sem Háskólan í Reykjavík var til húsa, sem verður nýttur til að efla frekar hlutverk Viðskiptaráðs á sviði menntamála.

Talverð vinna hefur verið lögð í verkefni tengd Sjálfseignastofnun Viðskiptaráðs Íslands um Viðskiptamenntun (SVÍV) undanfarn tvö ár. Vel hefur verið stutt við vöxt og eflingu Háskólans í Reykjavík og greitt fyrir því að flutningur í nýtt húsnæði gengi með sem bestum hætti. Samhlíða hefur Verzlunarskólinn fest sig enn frekar í sessi sem leiðandi framhaldsskóli á Íslandi. Á næstu misserum verður unnið að því að skerpa enn frekar á markmiðum og viðfangsefnum Viðskiptaráðs í menntamálum. Í því samhengi verður lögð aukin áhersla á að vinna að nauðsynlegum kerfislægum breytingum, auk þess að virkja samstarf atvinnulífs og háskóla enn frekar. Menntamál eru eitt stærsta efnahagsmál þjóðarinnar og því mikilvægt að efla enn frekar hlutverk Viðskiptaráðs sem bakhjarl menntunar.



VIÐSKIPTAÞING 2012 & 2013


Stærsti viðburður ársins

Í rúman aldarfjórðung hefur árlegt Viðskiptaþing verið þungamiðja í starfsemi Viðskiptaráðs þar sem leitast er við að eiga skoðanaskipti um þróun og horfur í efnahagslífi og viðskiptum hérlendis sem erlendis. Á Viðskiptaþingum síðustu tveggja ára hefur verið fjallað um virði atvinnulífsins hvað snertir verðmætasköpun í hagkerfinu og tillögur til að yta þar enn frekar undir með aukinni framleiðni.



Hvers virði er atvinnulíf?

Á Viðskiptaþingi 2012 var leitast við að draga fram samhengi öflugs og framsækis atvinnulífs og góðra lífskjara. Var þar fjallað um gangverk hagkerfisins, framlag atvinnugreina til hagvaxtar og þann virðisauka sem atvinnulíf skapar samfélaginu í heild. Efnistökin áttu ekki aðeins vel við hvað varðar stöðu hagkerfisins heldur einnig þar sem þingið var haldið á 95 ára afmæli Viðskiptaráðs og því ekki úr vegi að meta stöðu atvinnulífsins í hagkerfinu og framþróun þess.



Þingið var haldið undir yfirskriftinni „Hvers virði er atvinnulíf?“ en þar sem birtingarmynd þess á sér margar hliðar þá voru nokkrir valinkunnir einstaklingar beðnir að fara yfir sína hlið á málinu. Þannig fjallaði Þorsteinn Már Baldvinsson forstjóri Samherja um virði makríls, Jón Sigurðsson forstjóri Óssurar um virði sérstöðu Íslands, Gestur G. Gestsson forstjóri Advania um virði gagnavers, Birkir Hólm Guðnason framkvæmdastjóri Icelandair um virði nýrrar flugleiðar og Hugrún Árnadóttir framkvæmdastjóri Kron um virði hönnunar.

Tómas Már Sigurðsson, þáverandi formaður Viðskiptaráðs, kom í **ræðu sinni** m.a. inn á viðhorfskönnun ráðsins þar sem spurt var hversu miklu máli atvinnulífið skiptir þegar kemur að því að skapa góð lífskjör á Íslandi. Yfir 90% töldu atvinnulífið skipta mestu máli í þessu samhengi. Af því tilefni sagði Tómas: „Þessi niðurstaða þarf ekki að koma á óvart, en hún er ekki sjálfgefín. Það sýnir mikinn styrk þjóðarinnar að þrátt fyrir efnahagsleg áföll þá hefur skilningur Íslendinga á mikilvægi atvinnurekstrar ekki dvínað. Í þessari staðreynd eru fólgin heilmikil sóknartækifæri fyrir atvinnulífið og þau eigum við að nýta vel.“

Nýkjörinn formaður ráðsins, Hreggviður Jónsson, tók saman efni þingsins og ræddi þar um mikilvægi áætlunar fyrir Ísland um verðmætasköpun og lífskjör. Hreggviður sagði m.a.: „Við hljótum að geta verið sammála um það markmið að efla lífskjör í landinu. Í því felst að hámarka þarf verðmætasköpun atvinnulífs. Við verðum að vinna saman að mótun aðlaðandi framtíðarsýnar fyrir komandi kynslóðir. Á einföldu máli, þá þurfum við að sameinast um það hvert við viljum fara og hvernig við viljum komast þangað.“

Í lok **sins erindis** tilkynnti Hreggviður um að hið alþjóðlega ráðgjafafyrirtæki McKinsey & Company hefði ákveðið að eigin frumkvæði og á eigin kostnað að ráðast í vinnu við mótun framtíðarstefnu fyrir Ísland.

Stillum saman strengi

Um fjöllunarefni **Viðskiptaþings 2013** var fyrirbyggjandi framleiðnivandi hagkerfisins og mögulegar úrbætur þar á. Var þingið því í raun eins konar áframhald á skýrslu McKinsey & Company sem gefin var út í október 2012. Þá var á þinginu farið yfir mikilvægi þess að



ákvarðanir séu í samræmi við langtímastefnu og fjallað um áhrifamátt samstarfs til eflingar lífskjara.

Þingið var haldið undir yfirskriftinni „Stillum saman strengi – hagkvæmni til heilla“ en aðalræðumaður þingsins var Esko Aho fyrrum forsætisráðherra Finnlands. Esko fjallaði um reynslu Finna af efnahagskreppum og áherslu þeirra á að efla menntun og nýsköpun til að búa í haginn fyrir verðmætasköpun til langframa auk lækkunar skatta til að örva hagkerfið. Að hans mati hefði þessi stefna bjargað finnska velferðarkerfinu.



Í **ræðu sinni** fjallaði Hreggviður Jónsson, formaður Viðskiptaráðs, um þann ágreining í hugmyndafræði sem að hans mati hafði ráðið um of á kostnað hagkvæmni. Hreggviður hvatti til þess að breiðri sátt yrði náð um þær grunnstöðir sem standa undir verðmætasköpun í landinu. Vísaði hann þar m.a. til meginniðurstaðna skýrslu



McKinsey & Company og til nýstofnaðs **Samráðsvettvangs um aukna hagsæld** sem byggði á niðurstöðum skýrslunnar. Hreggviður fagnaði framtakinu og sagði það marka ákveðin þáttaskil en ítrekaði þó að nú þyrfti að láta verkin tala. Auk Hreggviðs ávörpuðu þinggesti þær Sigrún Ragna Ólafsdóttir, forstjóri VÍS, og Ragna Árnadóttir, nýkjörinn formaður



Samráðsvettvangs um aukna hagsæld. Sigrún Ragna fjallaði í **sínu erindi** um **Hugmyndahandbók** Viðskiptaráðs sem gefin var út á þinginu. Handbókin er afrakstur þriggja vinnuhópa sem í sátu einstaklingar úr atvinnulífi og fræðasamfélagi og inniheldur 13 tillögur að aukinni hagkvæmni sem m.a. byggja á niðurstöðum skýrslu McKinsey & Company. Ragna Árnadóttir kynnti í **erindi sínu** verkefni og skipulag Samráðsvettvangs um aukna hagsæld.

Í tilefni af fyrirbyggjandi Alþingiskosningum var efnt til **pallborðsumræðna með fulltrúum stjórnmálaflokkanna**. Þar tóku þátt þeir Árni Páll Árnason formaður Samfylkingarinnar, Bjarni Benediktsson formaður Sjálfstæðisflokksins, Guðmundur Steingrímsson formaður Bjartrar framtíðar,



Sigmundur Davíð Gunnlaugsson formaður Framsóknarflokksins og Steingrímur J. Sigfússon fráfarandi formaður Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs.

Í pallborði var m.a. rætt um mikilvægi þess að atvinnulíf og stjórnvöld störfuðu saman að því að efla hér hagkerfið og mikilvægi nýs stöðugleika- og hagvaxtartímabils hér á landi. Almennt voru formennirnir jákvæðir gagnvart Samráðsvettvangi um aukna hagsæld á Íslandi, og töldu áframhaldandi uppbyggingu atvinnulífs þurfa að byggja á traustum grunni undirstöðuatvinnuvega landsins.

Námsstyrkir og heiðursfélagar

Það er löng hefð fyrir því á Viðskiptaþingi að veita styrki úr námsjóðum Viðskiptaráðs. Á þinginu 2013 var **fimm efnilegum námsmönnum** veittir styrkir að fjárhæð 400 þúsund, en **fjórir neman** hlutu styrki upp á sömu fjárhæð árið 2012. Styrkirnir eru veittir námsmönnum í framhaldsnámi á háskólastigi erlendis í greinum sem tengjast atvinnulífinu með beinum hætti. Einnig er veittur sérstakur styrkur til nemenda í upplýsingatækninámi.



Á Viðskiptaþingi 2012 voru fimm fyrrum formenn og velunnarar Viðskiptaráðs sæmdir nafnbótinni **Heiðursfélagi** Viðskiptaráðs. Heiðursfélagi Viðskiptaráðs er sæmdarheiti sem veitt er mönnum er hafa lagt sérstaklega mikið af mörkum í þágu viðskiptafrelsis og framfara í atvinnulífinu.

Þeir sem hlutu sæmdarheitið voru Davíð Scheving Thorsteinsson, Haraldur Sveinsson, Hjalti Geir Kristjánsson, Jóhann J. Ólafsson og Ragnar S. Halldórsson.



Styrkþegar 2012 og 2013

Arna Varðardóttir,
Ásta Þóll Gylfadóttir
Eiríkur Þór Ágústsson
Eiríkur Fannar Torfason
Frosti Ólafsson
Guðjón I. Ágústsson
Hörður Kristinn Heiðarsson
Ólafur Haraldsson
Ragnhildur I. Bjarnadóttir

SKÝRSLUR OG SKOÐANIR


Veigamikill þáttur í starfi Viðskiptaráðs snýr að fjölbreyttri miðlun upplýsinga bæði til innlendra og erlendra aðila. Á tímabilinu voru gefnar út 5 skýrslur, 9 skoðanir, 32 fréttabréf, yfir 60 umsögnum var skilað til nefnda Alþingis og fjölmargar blaðgreinar eftir forsvarsmenn ráðsins voru birtar.

Allt útgefið efni má finna á vefsíðu ráðsins sem aðgengileg er á slóðinni www.vi.is. Vefsíða Viðskiptaráðs hefur verið í stöðugri þróun síðustu árin, en frá árinu 2010 hefur ráðið einnig haldið úti síðu á samfélagsvefnum Facebook auk þess birta myndir frá fundum bæði á Flickr vef Viðskiptaráðs og myndbönd á Youtube rás ráðsins.

Upplýsingarit um stöðu efnahagsmála

Hvað snertir upplýsingamiðlun til erlendra aðila þá spilar þar upplýsingaritið [The Icelandic Economic Situation – Status Report](#) lykilþátt. Viðskiptaráð hóf að gefa ritið út strax í október 2008 en síðasta útgáfa kom út í júlí 2013 og var það sú sextánda í röðinni. Meginmarkmið ritsins er að bæta almennt upplýsingaflæði um stöðu hagkerfisins til erlendra aðila.

Hver útgáfa upplýsingaritsins er send rafrænt á ríflega 2.200 manna hóp erlendra aðila sem starfa m.a. hjá alþjóðlegum stofnunum, fjármálafrýrtækjum, matsfrýrtækjum, sendiráðum og öðrum stofnunum víðs vegar um heim - allt frá Mexíkó til Svíþjóðar og Bretlands til Sádi Arabíu.



Samkeppnishæfni Íslands

Annar liður Viðskiptaráðs við öflun og miðlun upplýsinga er þátttaka í samkeppnisúttekt IMD viðskiptaháskólans í Sviss, IMD World Competitiveness Yearbook. Skólinn hefur starfrækt rannsóknarstofnun um samkeppnishæfni þjóða frá árinu 1989 í samstarfi við 54 aðila víðs vegar um heim. Markmiðið er að gefa stjórnvöldum, fyrirtækjum og stofnunum sem besta mynd af samkeppnishæfni þeirra en Viðskiptaráð Íslands hefur um árabíl annast samantekt á tölulegum upplýsingum og stjórnendakönnun atvinnulífs á Íslandi í samstarfi við IMD.

Niðurstöður

Eftir að hafa þokast úr 31. sæti árið 2011 í 26. sæti árið 2012 féll Ísland niður í 29. sæti á samkeppnishæfnislista IMD í fyrra. Þau lönd sem eru með svipaða samkeppnishæfni og Ísland eru Síle í 30. sæti, Litháen í 31. sæti og Mexíkó í 32. sæti. Svíþjóð var efst Norðurlandanna árið 2013, í 4. sæti listans, Noregur rataði í 6. sæti, Danmörk í 12. sæti og Finnland í 20. sæti. Ljóst er af þessum niðurstöðum að enn er talsvert í land við að bæta samkeppnisstöðu hagkerfisins.

Stjórnarhættir fyrirtækja

Í mars mánuði 2012 kom út ný útgáfa af leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja en Viðskiptaráð, í samstarfi við Samtök atvinnulífsins og Kauphöllina, hafa staðið að útgáfu þeirra frá árinu 2004. Heilt yfir er markmið leiðbeininganna að bæta

stjórnarhætti með því að skýra hlutverk og ábyrgð stjórnenda fyrirtækja, auðvelda þeim þannig að rækja störf sín og um leið treysta hag helstu hagsmunaaðila.

Ári áður höfðu sömu aðilar, auk Rannsóknarmiðstöðvar um stjórnarhætti við Háskóla Íslands, tekið höndum saman um [úttektarferli á stjórnarhættum fyrirtækja](#) á grunni leiðbeininganna. Frá þeim tíma hafa [sjö fyrirtæki](#) lokið úttektarferlinu og tvö þeirra endurnýjað úttektina ári síðar. Þessi fyrirtæki eru Stefir, Mannvit, Icelandair Group, Íslandsþóstur, Íslandssjóðir, Landsbréf og Lánasjóður sveitarfélaga. Þá má geta þess að Handbók stjórnarmanna, sem KPMG hefur gefið út, byggir jafnframt að hluta til á leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja en síðasta útgáfa handbókarinnar kom út í desember síðastliðnum.

Áhersla á fjölbreytni

Samhliða starfi við bættu stjórnarhætti hafa tveir fundir verið haldnir þar sem rætt hefur verið um mikilvægi fjölbreytni í stjórnun fyrirtækja, annars vegar í [mars 2012](#) og hins vegar [febrúar 2013](#). Fundirnir voru samstarfsverkefni Viðskiptaráðs, Félags kvenna í atvinnulífinu, Samtaka atvinnulífsins, Samtaka verslunar og þjónustu, Kauphallarinnar og Efnahags- og viðskiptaráðuneytisins og tengdust m.a. fyrirhugaðri gildistöku kynjakvóta í stjórnun fyrirtækja.

Mikilvægi erlendra fjárfestingar og heilbrigðisvísitala atvinnulífsins

Í október síðastliðnum gaf Viðskiptaráð út [samantekt um jákvæða þætti beinnar erlendra fjárfestingar](#) og sendi m.a. á alla Alþingismenn. Þá vinnu mátti rekja til umræðu um takmarkaðan ábata slíkrar fjárfestingar, sem hafði átt sér stað misserin á undan. Það var mat ráðsins að með slíkum fullyrðingum væru heildaráhrif erlendra fjárfestingar stórlega vanmetin. Samantektin var því hugsuð sem innlegg í málefnanlega umræðu um þetta mikilvæga viðfangsefni.

Bætt heilbrigði atvinnulífsins

Samskonar samantekt var gefin út mánuði síðar sem hafði að geyma aðgengilegt

og einfalt yfirlit yfir getu atvinnulífsins til aukinnar verðmætasköpunar, [svokölluð heilbrigðisvísitala atvinnulífsins](#). Samsetning vísitölunnar byggir á helstu drifkröftum verðmætasköpunar og þar með þeim þáttum sem skapa forsendur fyrir sjálfbærum hagvexti.

Tekin var saman þróun vísitölunnar frá árinu 2003, en á því ári ríkti nokkuð gott jafnvægi innan hagkerfisins. Af þeim sex undirvísitölum sem heilbrigðisvísitalan tekur til standa einungis tvær þeirra sterkari en við upphafsár vísitölunnar; framleiðni geta atvinnulífsins og gæði mannaúts. Aðrar undirvísitölur hafa þróast til verri vegar, einkum og sér í lagi fjárfestingarumhverfið.

Þróun undirvísitalanna gefur sterkar vísbendingar til stjórnvalda um hvar helstu tækifæri til efnahagsumbóta liggja og hvort efnahagsaðgerðir séu að skila tilætluðum árangri. Það er því von Viðskiptaráðs að birting vísitölunnar muni gagnast sem framlag í mótun heildstæðrar og árangursríkrar langtímaefnahagsstefnu.

Heilræði til smærri fjárfesta

Undir lok nóvember á síðasta ári gáfu Viðskiptaráð, Kauphöllin og Stofnun um fjármálalæsi út [fræðslubækling með heilræðum](#) sem gott er að hafa í huga áður en fjárfest er á verðbréfamarkaði. Bæklingurinn var tekinn saman í tilefni af Kauphallardeginum sem haldinn var í fyrsta sinn laugardaginn 16. nóvember, en það voru Háskólinn í Reykjavík og Kauphöllin sem stóðu fyrir viðburðinum. Markmiðið með útgáfunni er að auka upplýsingaflæði til áhugasamra smáfrýrtækja og hvetja þá til að taka ígrundaðar ákvarðanir.

Í bæklingnum er m.a. fjallað um undirbúning fjárfestinga, lög og reglur, sölu verðbréfa og lagðar fram nokkrar gullnar reglur sem eiga við um allt fjárfestingaferlið. Þá fékk verðbréfamarkaðurinn jafnframt talsverða umfjöllun á opnum fundum ráðsins en síðustu tveir fundir í fundarröð Deloitte, Kauphallarinnar og Viðskiptaráðs um virka verðbréfamarkaði voru haldnir árið 2012.



2012

Ársskýrsla Viðskiptaráðs (febrúar 2012)

Stjórnarhættir fyrirtækja, 4. útgáfa (mars 2012)

Öflugt atvinnulíf – bætt lífskjör (apríl 2012)

Ríkisfjármálin – betri staða en áætlanir gerðu ráð fyrir? (sept 2012)

Gjaldmiðilsfél: Maastricht viðheldur valfrelsi (nóv 2012)

Neysluskattar komnir á síðasta sölundag (des 2012)

2013

Bætt framleiðni, meira samstarf og minni byrðar bestu kosningaloforðin (apríl 2013)

Lítill og meðalstór fyrirtæki – samstaða um bætt rekstrarumhverfi (maí 2013)

The Icelandic Economic Situation - Status Report (júlí 2013)

Háskólamenntun má ekki vera afgangsstærð (júlí 2013)

Ný nálgun forsenda sjálfbærrar hagræðingar (okt 2013)

Heilbrigðisvísitala atvinnulífsins (nóv 2013)

Stórir fiskar í lítilli tjörn: Lífeyrissjóðirnir, gjaldeyrishöftin og góðir stjórnarhættir (nóv 2013)



FUNDIR

Viðskiptaráð heldur reglulega fundi þar sem mikilvæg málefni eru tekin til umræðu og afstaða ráðsins kynnt. Árin 2012 og 2013 hafa verið viðburðarrík þegar litid er til fundahalds ráðsins og hefur það haldið fjölmarga fundi í samstarfi við aðildarfélag, ýmis samtök og fyrirtæki.

Peningamálafundir

Á árlegum peningamálafundum Viðskiptaráðs í nóvember 2012 fjallaði Már Guðmundsson, seðlabankastjóri, um skuldastöðu þjóðarbúsins, peningastefnuna, fjármagnshöftin og valkosti Íslands í gjaldmiðlamálum. Í erindi Más kom fram að helsta viðfangsefnið væri að bæta greiðslujöfnuð þjóðarbúsins, en skuldastaða þess væri líklega á bilinu hálf til ein þjóðarframleiðsla og það væri vel viðráðanleg staða. Í tengslum við umræðu um gjaldmiðlamál taldi seðlabankastjóri Íslendinga hafa tvo valkosti í gjaldmiðilsmálum: krónu eða evru. Í millitíðinni væri mikilvægt að búa krónunni betri ramma eftir því sem afnámsáætlun fjármagnshafta miðar áfram, því slíkar umbætur gagnast einnig ef ákveðið verður að taka upp evru.

Á sama fundi ári síðar fór seðlabankastjóri yfir efnahagsþróun síðustu 5 ára og í ræðu hans kom m.a. fram að íslenskt efnahagslíf hafi verið á leiðinni í samdrátt haustið



2008 óháð alþjóðlegu fjármálakreppunni. Helstu áhyggjur seðlabankastjóra væru að þjóðhagslegur sparnaður stæði ekki undir ákjósanlegu fjárfestingarstigi að svo stöddu og að gæta þyrfti raunsæis í hagvaxtarvæntingum. Hagkerfið stæði enn frammi fyrir skæðum greiðslujafnaðar- og verðbólguvanda. Til þess að ná árangri þurfi ríkisfjármalastefnan að einkennast af ábyrgð og launapróun að vera í samræmi við undirliggjandi aðstæður. Að lokum sagði Már tvö helstu verkefni framundan þau að auka þjóðhagslegan sparnað og efla framleiðni. Til þess þyrftu að koma til ákveðnar kerfisbreytingar og vísaði Már

þar m.a. í skýrslu McKinsey & Company. Í líflægum umræðum í pallborði var m.a. rætt um upptöku fastgengisstefnu, a.m.k. á meðan verið væri að vinna úr höftunum, að huga þyrfti að efnahagslegum hvötum til að spara og fjárfesta hérlandis og að lokum var komið inn á herkostnaðinn af því að hafa eigin gjaldmiðil, sem Seðlabankinn fjallaði um í ítarlegri skýrslu árið 2012.

Einfaldara regluverk

Í septemberbyrjun 2013 efndu Viðskiptaráð og forsætisráðuneytið til hádegisverðarfundar með erlendum sérfræðingum um einfaldara og skilvirkara regluverk fyrir atvinnulífið, en fundarefnið tengdist



áherslum í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Michael Gibbons kynnti fundargesti fyrir leið Breta, „One-In, Two-Out“ og sagði lykिलinn að velgengni felast í því að mat á áhrifum regluverks fyrir fyrirtæki og þjóðfélagið í heild, óháð stefnu flokka eða ríkisstjórna, sé í höndum óháðrar stjórnýslunefndar.

Í erindi Nick Malyshev kom fram að íþyngjandi regluverk geti skapað aðgangshindranir á markaði og þannig haft neikvæð áhrif á samkeppni og þar með framleiðni. Þær geti hamlað frumkvöðlum og haft neikvæð áhrif á hvata til fjárfestingar og nýsköpunar.

Skömmu eftir fundinn birti ríkisstjórnin aðgerðaáætlun og forsætisráðherra skipaði nefnd til ráðgjafar um eftirlit á vegum hins opinbera og framkvæmd laga um opinberar eftirlitsreglur. Henni er falið að vera til ráðgjafar varðandi framkvæmd á stefnu ríkisstjórnarinnar um einfaldara og skilvirkara regluverk fyrir atvinnulífið.

Framtíð íslenska fjármálakerfisins

Í september fékk Viðskiptaráð fyrirverandi forstjóra og stjórnarformann Nordea Bank, Hans Dalborg, til Íslands til þess að fjalla um reynslu Svía af enduruppbyggingu fjármálakerfisins þar í landi á níunda áratugnum. Dalborg sagði mikilvægt að læra af fortíðinni, en gæta þess að festast ekki þar. Beina ætti sjónum að grundvallaratriðum og undirstöðu framtíðaráforma. Fyrsta skrefið felist alltaf í að taka til heima fyrir og hafa einfaldleikann í fyrirrúmi í þeirri tiltekt.

Ljóst var af erindum og umræðum fundarins að ýmislegt er enn ógert, þrátt fyrir að mikilvægum áföngum hafi verið náð í enduruppbyggingu íslenska fjármálakerfisins. Meginmarkmiðið til framtíðar er að byggja upp stöðugt og sjálfbært fjármálakerfi sem stuðlar að aukinni verðmætasköpun og hagfelldum rekstrarskilyrðum fyrirtækja. Á þeirri vegferð er mikilvægt að vinna með varfærni, þolinmæði og langtímasjónarmið að leiðarljósi.


Lífeyrissjóðirnir og atvinnulífið

Í nóvember héldu Viðskiptaráð, SA, ASÍ og Landssamtök lífeyrissjóða morgunverðarfund þar sem fjallað var um samspil lífeyrissjóða og atvinnulífsins, mikilvægi góðra stjórnarháttanna og virkrar samkeppni. Peter Lundkvist, frá AP3 lífeyrissjóðnum í Svíþjóð, benti á mikilvægi gagnsæis og skýrrar og ábyrgar hluthafastefnu. Þátttakendur í pallborðsumræðum tóku undir að þörf væri á skýrri stefnu hjá sjóðunum í þessum efnunum. Þá var jafnframt komið inn á höftin og áhrif þeirra á starfsemi þjóðanna, en samtökin fjögur sem stóðu að fundinum ætla sér að halda sérstakan fund um það efni.

Þátttakendur á tengslakvöldum 2012 og 2013

Betri svefn
Cloud Engineering
Designing Reality
Eski Tech
geoSilica
Intraz
Karolina Fund
Kasy
Leda
Live Shuttle

Mariconnect
Markaðsmál á Mannamáli
MusikMusik
MYMXLOG
Reykjavík Runway
SARdrones
Sport Hero
Stream Tags
True West
Xperious



2012

Skattadagur Deloitte, Viðskiptaráðs o.fl.
Aðalfundur Viðskiptaráðs
Viðskiptaþing 2012
Námskeið: Incoterms
Fjölbreytni í forystu og góðir stjórnarhættir
Umræðufundur um góða stjórnarhætti
Forsendur virks verðbréfamarkaðar
Tengslakvöld: Ný-sköpun-Ný tengsl
Tækifæri á virkum verðbréfamarkaði
Peningamálafundur Viðskiptaráðs

2013

Skattadagur Deloitte, Viðskiptaráðs og Samtaka atvinnulífsins
Fjölbreytni í stjórnun - erum við á réttri leið?
Viðskiptaþing 2013
Menntun og verðmætasköpun
Ný-sköpun-Ný-tengsl
Einfaldara og skilvirkara regluverk fyrir atvinnulífið
Framtíð íslenska fjármálakerfisins - framtíðin er björt
Lífeyrissjóðir og íslenskt atvinnulíf
Alþjóðlegur fjárfestingaréttur
Peningamálafundur Viðskiptaráðs

ALPJÓÐASVIÐ

Hjá Viðskiptaráði Íslands eru tólf millilandaráð með heimilisfesti, **Amerísk-Íslenska** (AMIS), **Bresk-Íslenska** (BRÍS), **Dansk-Íslenska** (DÍV), **Fransk-Íslenska** (FRÍS), **Færeysk-Íslenska** (FOIS), **Grænlandsk-Íslenska** (GLIS), **Ítalsk-Íslenska** (ITÍS), **Norsk-Íslenska** (NÍV), **Spánsk-Íslenska** (SPIS), **Sænsk-Íslenska** (SÍV) og **Þýsk-Íslenska** viðskiptaráðið (ÞÍV) og **Norðurlóðaviðskiptaráðið** auk Landsnefndar alþjóða viðskiptaráðsins eða ICC.

Ráðunum er öllum ætlað sama hlutverk, þ.e. að örva viðskipti, koma á sambandi milli fyrirtækja eða forsvarsmanna fyrirtækja, standa fyrir fundum og öðrum viðburðum sem eflt geta þekkingu og samvinnu milli landa og annast þjónustu við félaga.

Hvert og eitt ráð er fjárhagslega sjálfstætt, greiðir Viðskiptaráði Íslands fyrir bókhaldsþjónustu og skrifstofuaðstöðu auk þess sem hvert þeirra greiðir ákveðinn hluta af launum forstöðumanns alþjóðasviðs Viðskiptaráðsins. Kristín S. Hjálmtýsdóttir er forstöðumaður alþjóðasviðsins og framkvæmdastjóri allra ráðanna utan Norðurlóðaráðsins, sem Haraldur I. Birgisson hefur stýrt.

Ný ráð bæstast við

Millilandaráðunum hefur fjölgað nokkuð hratt á undanförunum árum. Öll eru þau ný en tvö standa á gömlum merg. **Amerísk-Íslenska viðskiptaráðið** (AMIS) var endurvakið árið 2012, en það var upphaflega stofnað árið 1988 og **Fransk-Íslenska viðskiptaráðið** (FRIS) var sömuleiðis endurvakið haustið 2012, en það tók fyrst til starfa árið 1990. **Grænlandsk-Íslenska viðskiptaráðið** (GLIS) og **Færeysk-Íslenska viðskiptaráðið** (FOIS) voru bæði stofnuð árið 2013.

Þetta er í fyrsta sinn sem þessar nágrennapjóðir okkar taka þátt í starfi tvíhliða viðskiptaráða og hefur áhugi verið mikill að hálfu bæði fyrirtækja og opinberra aðila. Ísland heldur úti sendistofum á báðum þessum stöðum og skiptir það miklu máli um samskipti landanna á viðskiptasviðinu.



Í ágúst 2013 var svokallað **Norðurlóða-viðskiptaráð** formlega stofnað með fulltingi Viðskiptaráðs, Samtaka iðnaðarins, Samtaka atvinnulífsins, utanríkisráðuneytisins og Norðurlóðanets Íslands. Ráðið starfar á sama grunni og önnur millilandaráð innan vébanda Viðskiptaráðs. Markmið þess er þrjúþætt, í fyrsta lagi að byggja upp viðskiptasamstarf ríkja á norðurlóðunum, í öðru lagi að búa í hagin þannig að íslenskt atvinnulíf geti keppt um atvinnutækifæri sem þar má finna og í þriðja lagi efla tengls á sviði menntunar, menningar, umhverfismála og stjórnmála.

Fyrsta verkefni ráðsins var útgáfa svonefnds **Icelandic-Arctic Business Fact Sheet** þar sem styrkleikar Íslands sem miðstöðvar fyrir tengingar og þjónustu á norðurlóðunum eru dregin fram.

Um 850 fyrirtæki í 12 löndum eiga aðild að millilandaráðunum og er tæpur helmingur þeirra erlendur. Stjórnir ráðanna eru iðulega skipaðar forsvarsmönnum fyrirtækja beggja landa í hverju tilviki og í þeim eiga sæti um 120 manns sem allir sinna störfum í sjálfboðavinnu.



Starfsemi á árunum 2012 og 2013

Starfsemi millilandaráðanna hefur staðið í miklum blóma undanfarin ár og hver viðburðurinn rekið annan, bæði héraðs og erlendis. Meðal þess sem nefna má eru amerískir og franskir dagar, viðskiptaferðir til Bandaríkjanna, Þýskalands, Noregs, Grænlands og Færeyja og ráðstefnur í London, Madrid, París, Osló og Kaupmanna-höfn.

Morgun- og hádegisverðafundir á Íslandi skipta tugum og að auki má nefna margvíslegar móttökur, fyrirtækjaheimsóknir, sérstakar forsynningar kvikmynda, vinkynningar og annað sem glatt hefur augu, eyru og maga.

Sameiginleg verkefni

Á síðustu árum hefur verið lögð áhersla á að millilandaráðin efla samvinnu og leitist



við að koma á framfæri sameiginlegum hagsmunum þegar það á við. Formenn ráðanna hafa af þessu tilefni hist á formannafundum og hefur það gefist vel. Þá hefur sú hefð myndast að halda árlega eitt sameiginlegt golfmót – International Chamber Cup – fyrir alla félaga millilandaráðanna, félaga Viðskiptaráðs Íslands, stjórnarmenn og gesti og hefur það gengið vel. Mótið hefur verið haldið í lok ágúst á golfvöllum í nágrenni höfuðborgarsvæðisins.

Samstarf við erlendar stofnanir og fyrirtæki

Mikilvægur þáttur í starfi millilandaráða alþjóðasviðs Viðskiptaráðs Íslands eru samskipti við systursamtök erlendis, við alþjóðlegar stofnanir, fulltrúa erlendra ríkja á Íslandi og fleiri. Nefna má í þessu samhengi að millilandaráðin hafa átt mjög góð samskipti við bæði sendiráð og ræðisskrifstofur viðkomandi landa á síðustu árum og hafa þau orðið til að skjóta styrkari stoðum undir tilvist ráðanna

Þýsk-Íslenska viðskiptaráðið (ÞÍV) er beintengt samtökum þýskra viðskiptaráða og nýtur stuðnings þeirra og samvinnu við þau, dansk, sænsk og norsk íslensku viðskiptaráðin eiga gott samstarf við þarlend viðskiptaráð, BRÍS tekur þátt í starfi samtaka breskra viðskiptaráða í Evrópu og AMIS hefur átt samstarf við Euro-AmCham, eða Samtök bandarískra viðskiptaráða í Evrópu.

Alþjóðasvið Viðskiptaráðs annast einnig þátttöku Íslands í ICC, International Chamber of Commerce, sem hefur umsjón með námskeiðum á vegum ICC og stýrir starfi nefndar sem fjallar um umbætur í alþjóðaviðskiptum á sviði bankaábyrgða.

Alþjóðasvið Viðskiptaráðs þakkar stjórnun millilandaráðanna fyrir samstarfið undanfarin tvö ár sem og öllum þeim sem hafa lagt hönd á plóg við skipulagningu ýmissa viðburða.



Amerísk-Íslenska viðskiptaráðið
stofnað 1988, endurvakið 2012

Formaður: Birkir Hólm Guðnason, Icelandair



Bresk-Íslenska viðskiptaráðið
stofnað 1997

Formaður: William Symington, Íslandsbanki



Dansk-Íslenska viðskiptaráðið
stofnað 2000

Formaður: Sverrir Sverrisson, EcConsulting



Fransk-Íslenska viðskiptaráðið
stofnað 1990

Formaður: Baldvin Björn Haraldsson, BBA Legal



Færeysk-Íslenska viðskiptaráðið
stofnað 2012

Formaður: Gísli Gíslason, Faxaflóahafnir



Grænlandsk-Íslenska
viðskiptaráðið
stofnað 2001

Formaður: Sigurður S. Sigurðsson, VJI-ráðgjöf



Ítalsk-Íslenska viðskiptaráðið
stofnað 2001

Formaður: Guðjón Rúnarsson, SFF



Norsk-Íslenska viðskiptaráðið
stofnað 2011

Formaður: Steinunn Kristín Þórðardóttir, AKTON



Spánsk-Íslenska viðskiptaráðið
stofnað 1997

Formaður: Friðrik S. Kristjánsson, Invent Farma



Sænsk-Íslenska viðskiptaráðið
stofnað 1997

Formaður: Þórarinn Ævarsson, IKEA



Þýsk-Íslenska viðskiptaráðið
stofnað 1995

Formaður: Páll Kr. Pálsson, Skyggfir



Norðurlóða-viðskiptaráðið
Stofnað 2013

Formaður: Eyjólfur Árni Rafnsson, Mannvit

REKSTRARREIKNINGUR 2012 & 2013

	2013	2012
Rekstrartekjur		
Árgjöld	73.170.479	73.646.905
Tekjur fasteignar	7.556.967	7.144.161
Aðrar tekjur	41.260.658	34.170.495
	<u>121.988.104</u>	<u>114.961.561</u>
Rekstrargjöld		
Laun og launatengd gjöld	77.176.271	72.332.405
Annar rekstrarkostnaður	39.670.477	46.089.272
Rekstur fasteignar	3.998.898	4.420.035
Afskriftir	2.000.377	2.085.978
	<u>122.846.023</u>	<u>124.927.690</u>
Rekstrartap	(857.919)	(9.966.129)
Fjármunatekjur og (-gjöld)		
Vaxtatekjur og gengismunur	6.696.867	4.480.878
Vaxtagjöld	(5.120)	(12.732)
	<u>6.691.747</u>	<u>4.468.146</u>
Hagnaður ársins	<u>5.833.828</u>	<u>(5.497.983)</u>

Afkoma batnaði talsvert milli árána 2012 og 2013, en búið var að gera ráð fyrir tímabundnum halla fram til ársloka 2012 vegna áætlunar um eflingu starfsemi Viðskiptaráðs. Rekstur ráðsins var í jafnvægi yfir tímabilið í heild og efnahagur stendur sterkum fótum.

EFNAHAGSREIKNINGUR 2012 & 2013

Eignir	2013	2012
Fastafjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir:		
Hús Verslunarinnar	41.709.854	43.089.799
Hús Verslunarinnar, innréttingar	9.024.086	9.440.559
Áhöld og tæki	373.927	577.886
	<u>51.107.867</u>	<u>53.108.244</u>
Áhættufjármunir:		
Eignarhlutur í félagi	1.000.000	1.000.000
Fastafjármunir samtals	<u>52.107.867</u>	<u>54.108.244</u>
Veltufjármunir		
Óinnheimt árgjöld	2.931.855	2.066.958
Viðskiptakröfur	8.628.221	6.552.291
Handbært fé	132.181.827	125.713.630
	<u>143.741.903</u>	<u>134.332.879</u>
Eignir sjóða		
Eignir sjóða í vörslu Viðskiptaráðs Íslands	28.063.928	30.637.424
Eignir samtals	<u>223.913.698</u>	<u>219.078.547</u>
Eigið fé og skuldir	2013	2012
Eigið fé		
Varasjóður	171.725.877	165.892.049
Eigið fé sjóða		
Sjóðir í vörslu Viðskiptaráðs Íslands	31.628.399	33.208.329
Skammtímaskuldir		
Viðskiptaskuldir	4.214.488	4.746.139
ATA Carnet skilagjald	3.878.218	3.456.573
Aðrar skammtímaskuldir	9.118.755	7.755.967
Endurmenntunarsjóður Viðskiptaráðs Íslands	6.912.432	6.590.395
	<u>24.123.893</u>	<u>22.549.074</u>
Skuldir samtals	<u>24.123.893</u>	<u>22.549.074</u>
Skuldir og eigið fé samtals	<u>223.913.698</u>	<u>219.078.547</u>



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS
ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE

Ljósmyndir: Úr myndasafni Viðskiptaráðs

Umsjón með útgáfu: Ásthildur Gunnarsdóttir, Haraldur I. Birgisson og
Frosti Ólafsson
Útgefið af Viðskiptaráði Íslands í febrúar 2014

Published by the Iceland Chamber of Commerce: www.chamber.is

Um Viðskiptaráð Íslands

*Viðskiptaráð Íslands eru heildarsamtök fyrirtækja, félaga og einstaklinga í
Íslensku atvinnulífi. Allir sem stunda rekstur, hvort sem er í smáum eða stórum
stíl, geta átt aðild að ráðinu. Viðskiptaráð er vettvangur atvinnulífsins til þess að
vinna að hvers konar framförum, að bættu starfsumhverfi og aukinni velmegun.*

Viðskiptaráð Íslands

Kringlunni 7, 103 Reykjavík
Sími: 510 7100
Netfang: mottaka@vi.is
Vefsíða: www.vi.is

vi.is